



Til fjölmiðla

Reykjavík, 2. mars 2022

Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands tekur undir ályktun Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC)

Framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) fordæmir harðlega árásir Rússa á Úkraínu og vottar úkraínsku þjóðinni sína dýpstu samúð og stuðning sem og öllum þeim sem verða fyrir áhrifum þessara hræðilegu átaka.

ÍSí tekur undir og styður jafnframt ályktun Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) sem gefin var út fyrir í vikunni ([IOC EB recommends no participation of Russian and Belarusian athletes and officials - Olympic News \(olympics.com\)](https://olympics.com/en/news/ioc-recommends-no-participation-of-russian-and-belarusian-athletes-and-officials)).

Ólympíuhreyfingin er sameinuð í hlutverki sínu að stuðla að friði með íþróttum og sameina heiminn í friðsamlegri samkeppni umfram allar pólitískar deilur. Ólympíuleikarnir, Ólympíumót fatlaðra (Paralympics), heimsmeistaramót og heimsbikarmót og margir aðrir íþróttaviðburðir sameina íþróttamenn landa sem eiga í átökum og stundum jafnvel stríði.

IOC hefur því m.a. sent frá sér eftirfarandi tilmæli:

Til að vernda heiðarleika alþjóðlegra íþróttakeppna og fyrir öryggi allra þátttakenda, mælir framkvæmdastjórn IOC með því að alþjóða íþróttasambönd og skipuleggjendur íþróttaviðburða þjóði ekki eða leyfi þátttöku rússneskra og hvítrússneskra íþróttamanna og embættismanna í alþjóðlegum keppnum. Tekur framkvæmdastjórn ÍSí undir þessi tilmæli IOC og telur mjög mikilvægt að þessum tilmælum verði fylgt fast eftir.

Þar sem þetta er ekki mögulegt með stuttum fyrirvara af skipulagslegum eða lagalegum ástæðum, hvetur framkvæmdastjórn IOC eindregið alþjóðleg íþróttasambönd og skipuleggjendur íþróttaviðburða um allan heim til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að enginn íþróttamaður eða íþróttafulltrúi frá Rússlandi eða Hvíta-Rússlandi fái að taka þátt undir nafni Rússlands eða Hvíta-Rússlands. Rússneskir eða hvítrússneskir ríkisborgarar, hvort sem það eru einstaklingar eða lið, ættu aðeins að vera samþykktir sem hlutlausir íþróttamenn eða hlutlaus lið. Engin þjóðartákn, litir, fánar eða þjóðsöngvar þessa þjóða ættu að vera sýndir.

Í þeim tilfellum þar sem þetta er ekki mögulegt með stuttum fyrirvara af skipulagslegum eða lagalegum ástæðum, þá lætur framkvæmdastjórn IOC það eftir viðkomandi framkvæmdaraðilum að finna sína eigin leið til að takast á við þá áskorun sem lýst er hér að





ofan. Framkvæmdastjórn ÍSí telur að þessa undanþágureglu verði að túlka mjög þröngt þó hún kunni að vera réttlætanleg t.d. vegna Ólympíumóts fatlaðra.

Framkvæmdastjórn IOC ítrekar einnig tilmæli sín frá 25. febrúar sl. um að ekki verði skipulegðirt neinir neinn íþróttaviðburðir í Rússlandi eða Hvíta-Rússlandi á meðan núverandi ástand varir.

Með þetta í huga hvetur ÍSí sérsambönd og aðra aðila íþróttahreyfingarinnar á Íslandi að fylgja þessum tilmælum á meðan árás Rússa á Úkraínu heldur áfram.

